

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss

Reykjavík, 17. maí 2024
UST202404-149/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Lækjarholt 1 og 2 - Flóahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Lækjarholt 1 og 2.

Í greinargerð kemur fram breytingar eru gerðar á greinargerð, þ. e. málsgrein 2 í inngangi er endurrituð eftirfarandi: Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að gerðar verði tvær íbúðarlóðir á Lækjarholti 1 auk lóðar fyrir aðstöðuhús og allt að sjö gistihýsi. Liður Lóð 1C í skipulagskafla er endurritaður eftirfarandi: Lóð 1C: Skemma/aðstöðuhús, allt að 400m², mænishæð undir 7 metra, sjö gistihýsi, allt að 35 m², mænishæð undir 4 metra. Auk þess eru gerðar breytingar á uppdrætti þar sem sýndir eru byggingarreitir fyrir sjö gistihýsi ásamt aðkomuvegi, bílplani, gangstígum og staðsetningu lífrænna hreinsivirkja.

Aðstæður

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að fjalla um þær vistgerðir sem eru á svæðinu en hægt er að styðjast við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ).¹

Auk þess þarf að koma fram og fjalla um að samkvæmt kortasjá NÍ um sérstaka vernd náttúrufróbæra² er innan svæðisins svokallað Þjórsárhraun sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og hvort sjáanlegar jarðmyndanir eru að finna á skipulagssvæðinu.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <https://serstokvernd.ni.is/>